

STJÓRN ORKUVEITU REYKJAVÍKUR

Ár 2021, þriðjudaginn 9. mars kl. 12:00 var haldinn 302. fundur í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur. Fundurinn var haldinn um fjarfundabúnað. Fundarfólk: Brynhildur Davíðsdóttir, Gylfi Magnússon, Eyþór Laxdal Arnalds, Sigríður Rut Júlíusdóttir, Hildur Björnsdóttir, Valgarður Lyngdal Jónsson. Einnig tóku þátt Bjarni Bjarnason, forstjóri, Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála og Bryndís María Leifsdóttir, forstöðumaður reikningshalds. Fundarritari var Elín Smáradóttir.

Þetta gerðist:

1. Lárus Finnbogason, formaður endurskoðunarnefndar, mætti til fundarins lagði fram og kynnti umsögn nefndarinnar um ársreikning 2020 og ferli við undirbúning umsagnarinnar.
Afgreiðslu ársreiknings frestað til aukafundar, sem haldinn verður föstudaginn 12. mars nk.
2. Ingvar Stefánsson, framkvæmdastjóri fjármála, lagði fram svohljóðandi tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu, ásamt minnisblaði fjár- og áhættustýringar, dags. 2. mars 2021 um arðgreiðslu 2021 vegna fjárhagsársins 2020:

Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur (OR) samþykkir að gera tillögu til aðalfundar um arðgreiðslu að fjárhæð 4.000 milljónir króna. Tillagan felur í sér að fjárhagsleg skilyrði eru uppfyllt fyrir og eftir arðgreiðslu samkvæmt fjárhagsspá yfir tímabilið 2021-2025.

Umræður. Afgreiðslu frestað til aukafundar, sem haldinn verður föstudaginn 12. mars nk.

3. Formaður stjórnar gerði grein fyrir frammistöðumati forstjóra og greindi frá því að gengið hafi verið frá samkomulagi um starfskjör hans á grundvelli tillögu starfskjaranefndar, sem samþykkt var á SF 301.

Fleira gerðist ekki.

Fundi slitið kl. 12:40.

**Næsti reglulegi fundur stjórnar verður haldinn þann 22. mars 2021.
Aukafundur stjórnar verður 12. mars 2021.**

Brynhildur Davíðsdóttir

Gylfi Magnússon
Eyþór Laxdal Arnalds
Valgarður Lyngdal Jónsson

Sigríður Rut Júlíusdóttir
Hildur Björnsdóttir,
Halldóra Lóa Þorvaldsdóttir